




Persónuhlífar skiptast í 3 flokka:

Flokkur I	„Einfaldar persónuhlífar“. Í þennan flokk falla persónuhlífar til varnar gegn minni háttar hættum þar sem gengið er út frá því að notandinn sjálfur geti metið þá vernd sem hlífin veitir og gerir sér örugglega grein fyrri því tímalega. <i>Dæmi: uppvottahanskar.</i>	Samræmisyfirlýsing gefin út á ábyrgð framleiðenda.	
Flokkur II	Hvorki „einfaldar“ né flóknar persónuhlífar. Í þennan flokk falla flestar gerðir persónuhlífa. <i>Dæmi: Heyrnarhlífar</i>	Samræmisyfirlýsing gefin út af framleiðenda eftir að samþykktur aðili hefur gefið út vottorð um gerðarpróf.	
Flokkur III	Persónuhlífar sem falla í flokk III eru ætlaðar sem vernd gegn lífshættu eða alvarlegri varanlegri hættu þar sem notandinn getur ekki gert sér grein fyrir hættunni í tíma. <i>Dæmi: Persónuhlífar vegna rafmangsvinnu</i>	Samræmisyfirlýsing gefin út af framleiðenda eftir að tilkynntur aðili hefur gefið út vottorð um gerðarpróf og eftir að tilkynntur aðili hefur framfylgt gæðaeftirliti á vöru eða eftirliti á gæðakerfi.	0000 

Framleiðanda persónuhlífa, óháð í hvaða flokk þær falla, ber skylda til þess að leggja fram tæknigögn sem lýsa framleiðsluferli viðkomandi persónuhlífa sem tilgreindar eru samkvæmt þeirri aðferð sem tilgreind er í grunnkröfur tilskipunar um persónuhlífar.

Persónuhlífar sem undanþegnar eru ákvæðum tilskipunar um persónuhlífar:

Dæmi um slíkar persónuhlífar eru:

- Persónuhlífar sem falla undir aðrar tilskipanir sem gera sömu kröfur og tilskipun 89/686/EEC um persónuhlífar hvað varðar frjálst flæði vöru, öryggi og markaðssetningu.
- Persónuhlífar hannaðar og framleiddar sérstaklega til notkunar í hernaði eða í tengslum við löggæslu (t.d. hjálmar og brynjur).
- Sjálfsvarnarbúnaður (t.d. úðabrúsar, personal deterrent weapons).
- Persónuhlífar hannaðar og framleiddar til einkanota sem vörn gegn: veðri (t.d. höfuðbúnaður, árstíðarbundinn fatnaður, fótabúnaður og regnhlífar) raka og vatni (t.d. uppvottahanskar) og hita (t.d. hanskar).
- Persónuhlífar ætlaðar til björgunar eða varnar einstaklingum um borð í skipum eða flugvélum sem einungis á að nota við sérstakar aðstæður en ekk allan þann tíma sem einstaklingurinn er um borð.
- Hjálmar og skyggni ætluð til notkunar á vélhjóla sem eru með tvö eða þrjú dekk.

Listi yfir persónuhlífar til einkanota:

(Tekið skal fram að listinn er ekki tæmandi)

Flokkur	Persónuhlífar
Íþróttabúnaður	Legghlífar, olnbogahlífar, hnéhlífar, grifflur (ekki hanskar), vörn fyrir kynfæri
Heyrn	Heyrnarhlífar, eyrnatappar

Augu	Sundgleraugu, skíðagleraugu, köfunargleraugu, öryggisgleraugu, t.d. til verndar gegn skoteldum, sólgleraugu
Andlit	Grimur sem verja andlit, grimur sem verja hluta andlits
Líkami	Vörn gegn stungum, sjóbrettabúningur
Öndunarfæri	Einnota grimur
Höfuð	Reiðhjólahljálmar, ishokkihjálmar, reiðhjálmar, skíðahljálmar, hjálmar fyrir sig/klifuríþóttir, ungbarnahljálmar, línuskautahljálmar, hjálmar fyrir notendur hjólabretta- og hjólaskauta, hjálmar til nota við kanóróður og fallvatnsíþóttir, hjálmar fyrir flug- og loftíþóttir
Varnir gegn drukknun	Björgunarvesti, köfunarbúnaður, flotbúningur
Búnaður til varnar kulda	Sérstakar tegundir útivistarfatnaðar
Almenn vörn	Hanskar, endurskinsbúnaður